

Erindi frá notendaráði í málefnum fatlaðs fólks til Skipulagsráðs

Notendaráð í málefnum fatlaðs fólks krefst þess að núverandi deiliskipulag í miðbænum fyrir reiti B1-1, B1-3, B2 og B4 verði fellt úr gildi.

Þegar nýtt deiliskipulag verður unnið fyrir þessa reiti, þarf aðgengi íbúa í nágrenninu að heimilum sínum að vera tryggt, bæði á byggingartíma og eftir hann, í fullu samræmi við byggingareglugerð.

Greinargerð

Núgildandi deiliskipulag fyrir miðbæinn gerir ráð fyrir gríðarlegu niðurrifi og í framhaldi mjög mikilli uppbyggingu. Áætlaður framkvæmdatími er 5 – 7 ár. Þetta svæði er umkringgt íbúðabyggðinni í Fannborg og Hamraborg.

Hönnuðir skipulagsins gleymdu að gera ráð fyrir aðgengi hreyfihamlaðra íbúa í Fannborg að heimilum sínum á framkvæmdatíma. Deiliskipulagið fór í hefðbundið athugasemdaferli þar sem m.a. voru gerðar athugasemdir við aðgengi hreyfihamlaðra íbúa í Fannborg á framkvæmdatíma. Skipulagið var samt samþykkt af bæjaryfirvöldum. Þá var deiliskipulagið kært til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála. Úrskurðarnefndin samþykkti deiliskipulagið með því skilyrði að bætt yrði úr aðgengi íbúa í Fannborg á framkvæmdatíma. Ekki hefur frést af því að tekist hafi að finna lausn á því máli.

Þetta væri allt saman í fínu lagi fyrir íbúa eins og er, nema ef fólk vill selja íbúðirnar sínar, þá er á heimasíðu Kópavogsbæjar deiliskipulag sem gerir ráð fyrir slæmu aðgengi í 5-7 ár. Þess vegna eru íbúðirnar óseljanlegar, nema á það lágu verði, að fólkið getur ekki keypt sambærilegt húsnæði annars staðar í borginni. Minnstu íbúðirnar í því húsanna sem mun hafa skást aðgengi á framkvæmdatíma hafa reyndar selst á ágætis verði til leigufélaga.

Á þeim árum sem liðið hafa frá því að þetta ferli fór í gang, hafa íbúar elst eins og gengur, og sumir þeirra þurfa orðið að komast í lyftuhús eða á jarðhæð, en ekki eru lyftur í Fannborginni. Í þessum húsum er um nokkra íbúa að ræða og fyrirsjáanlegt að fljótlega mun fjölga í þessum hópi, því að meðalaldur íbúa í Fannborginni er töluvert hærri en víðast annars staðar. Þetta fólk stendur frammi fyrir því að geta alls ekki keypt sambærilegar íbúðir annars staðar og er því fast í íbúðum sem erfitt er, og stundum jafnvel ómögulegt, að komast í og úr.

Það er óþolandi að á heimasíðu bæjarins sé óframkvæmanlegt deiliskipulag, sem stefnir að því að hindra aðgengi hluta íbúa í nágrenninu að heimilum sínum og kemur jafnframt í veg fyrir að þeir geti flutt annað.